

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Davíð
konungur
(seinni hluti)



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.




Davíð gerðist konungur yfir Júda í
suður Palestínu,
en Ísbóset
sonur Sáls,
var settur
konungur
yfir öllu
Ísrael
nema
Júda.



Borgarastríð
varði í sjö ár.
En styrkur
Davíðs
jókst
meir
og
meir.




Áður en yfir lauk, var Ísbóset
konungur drepinn
af tveimur
af hans eigin
hermönnum.




Þá komu allar ættkvíslir Ísraels til Davíðs og smurðu hann konung yfir Ísrael. Og þá loksins


varð Davíð konungur yfir allri þjóðinni.




Fyrsta verk Davíðs var að yfirtaka Jerúsalem, sem síðan varð kölluð borg Davíðs.




Hann byggði varnarvirki umhverfis
borgina til verndar fyrir óvinum.
Davíð sendi út her sinn til að sigra
filista og aðra óvini Ísraels.



Því næst flutti Davíð sáttmálsörkina
til Jerúsalem. Í
örk Guðs var að
finna handrit
af boðorðunum
tíu og af öðrum
lögum Guðs til
Móse.



Örkin mynnti Ísraela á
heilagleika Guðs,
og þörf þeirra
á að hlýðnast
honum.



Davíð tók þátt í
mörgum orustum í
upphafi valdaferils
síns. Hann var vitur
hermaður, lítillátur,
og bað um handleiðslu
Guðs.



Davíð var ósáttur
við það að hann
bjó í fínni höll,
á meðan örð
Guðs var
geymd í
tjaldi.





Davíð ákvað
að byggja
musteri.
Natan,
spámaður
Guðs,
kvaddi
hann
áfram.





Þá um
nóttina, sendi Guð
orð til Davíðs: Þjónn minn Davíð,
Drottinn mun reisa þér hús.





Þegar
æfi þín
er öll
og þú
hvílist

með forfeðrum

þínum, mun ég upphefja son þinn
og gera hann að konungi eftir þig.





Hann mun
byggja hús í mínu
nafni, og ég mun staðfesta
konungdóm hans að eilífu.



Davíð vildi hjálpa öllum eftirlifandi fjölskyldumeðlimum Sáls. Hann fann aðeins Mefíbóset, son Jónatans, sem var lamaður á báðum fótum.



"Hann mun ávalt borða við mitt borð sem einn af konungssönum", sagði Davíð. Davíð reyndist Mefíbóset vel því að Jónatan hafði verið hans besti vinur.



Svo lengi sem
Davíð treysti og
hlýðnaðist Guði,
var Guð honum
hliðhollur.





En dag nokkurn, er hann
hafði sent hermenn sína
til orrustu, en hélt
sjálfur kyrru fyrir
í Jeruúsalem, skeði
atburður sem varpaði
hræðilegum
skugga á líf hans.







Nótt eina, er hann gat ekki sofið, var honum gengið út á þak hallar sinnar og varð litið út yfir borgina.



Sá þá Davíð fyrir sér fagra konu að baða sig. Konan hét Batseba. Davíð syndgaði með Batsebu þótt hún væri eiginkona Úría, sem var einn af hinum hugrökku hermönnum Davíðs.



Síðar, er Batseba
tjáði Davíð að hún
gengi með barni
hans, gerði hann
sér ljóst að hér
var mikill vandi
á ferð.





Í stað þess
að biðja Guð
fyrirgefningar
syndar sinnar, reyndi
hann að láta sem ekkert hafði
skeð. En slíkt gengur aldrei!





Hann lét kalla
Úría heim af vígstöðvunum,
í von um að Úría mundi halda
að barnið væri hans eigið.





En Úría vildi ekki fara heim til sín á meðan félagar hans voru að berjast á vígvellinum. Úría svaf úti fyrir dyrum konungshallarinnar.



Þá tók Davíð
andstyggilega
ákvörðun.



Hann sendi Úría
aftur á vígvöllinn
með bréf til
herforingjans,
sem skipaði svo
fyrir um að láta
það ekki bregðast
að Úría yrði
drepinn í orrustunni.



Guð sendi Natan til Davíðs til að sýna honum synd hans. Natan sagði Davíð sögu eina af tveimur mönnum. Annar var ríkur en hinn mjög fátækur.



Ríki maðurinn átti fleiri hundruð
fjár, en fátæki maðurinn átti aðeins
eitt lamb, sem honum
þótti jafn vænt
um sem eitt af
börnum hans.



Dag einn er ferðamaður nokkur kom
að heimsækja ríka manninn, ...



... tímdi hann ekki að slátra einum af sauðum sínum til að matreiða fyrir ferðamanninn, heldur tók hann, og slátraði lambi fátæka mannsins.



Davíð reiddist
yfir sjálfselsku ríka
mannsins og sagði við
Natan: "Maðurinn sem
þetta hefur gjört
er svo sannarlega
dauðasekur".



"Þú ert maðurinn", sagði Natan
djarflega við Davíð. Það sem Davíð
hafði gert, var
mun verra en
það sem ríki
maðurinn
hafði
gert í
sögunni.



Guð sýndi Davíð hversu
andstyggilegan
verknað hann
hafði framið.

Davíð var
sorgbitinn
yfir synd
sinni.



Hann bað Guð fyrirgefningar, og Guð
bænheyrði hann. En
barn Batsebu varð
mjög veikt, og dó
skömmu eftir
fæðingu.



Guð fyrirgaf Davíð hans ljótu synd.
Síðar eignaðist Batseba
annað barn, Salómon,
sem síðar varð mikill
konungur eftir dag
föður síns Davíðs.



Davíð konungur eignaðist
mörg fleiri börn
og ullu sum þeirra
honum mikla sorg.



Davíð konungur (seinni hluti)

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

síðari Samúelsbók 1-12

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

